

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Kærumálið nr. 22/1952.

Jakob Snorrason & Co

gegn

Erni Péturssyni.

Endurupptaka máls fyrir héraðsdómi, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi 11. október 1952, er hingað barst 15. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Akureyrar 6. s. m. um endurupptöku máls sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður bæjarþingsins verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Með því að andmæla endurupptöku bæjarþingsmálsins hefur umboðsmaður sóknaraðilja, Jón héraðsdómslögmaður Þorsteinsson, sýnt óhæfilega stírfni, og kæra úrskurðar héraðsdóms var algerlega ófyrirsýnju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jakob Snorrason & Co, greiði varnaraðilja, Erni Péturssyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 6. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 30. f. m., hefur stefnandi, Friðjón Axfjörð múrarameistari f. h. Jakobs Snorrasonar & Co, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. september s.l., á hendur Erni Péturssyni lögregluþjóni, Hafnarstræti 47, Akureyri, og gerir

þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 694.07 auk 6% árs-vaxta frá 28. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að í október 1950 hafi hann látið stefnda í té efni og vinnu við terrazzolögn í húsi stefnda fyrir kr. 2576.07 og sé enn þá ógreidd þar af upphæð, sem stefnukröfunni nemur.

Mál þetta var þingfest 22. f. m. og hafði stefnda verið stefnt fyrir bæjarþing þann dag kl. 13.15. Hann kom ekki á tilsettum tíma, og var málið lagt í dóm. Með bréfi sama dag til bæjarþingsdómarans óskaði stefndi eftir því, að mál hans yrði tekið upp að nýju samkvæmt heimild í 118. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, enda kvaðst hann ekki hafa getað sótt bæjarþing vegna lögmætra forfalla. Með bréfinu fylgdi vottorð gangnastjóra um, að stefndi hafi verið í göngum frá kl. 7 til 12.30 þenna dag.

Bæjarþingsdómarinn kvaddi nú málsaðilja fyrir bæjarþing þann 29. f. m. með það fyrir augum að taka málið upp að nýju. Mótmælti þá stefnandi því, að málið yrði endurupptekið og að stefndi hafi haft lögmæt forföll. Var ágreiningsefni þetta tekið til munnlegs flutnings og að honum loknum tekið til úrskurðar.

Stefndi hefur gert grein fyrir forföllum sínum, eins og nú verður sagt, og hefur skýrsla hans ekki verið véfengd að öðru leyti en því, er að neðan greinir. Stefna hafði verið birt föstudaginn 19. september, kl. 19.00. Sunnudagskvöldið 21. september réðist svo, að stefndi skyldi fara í göngur fyrir föður sinn næsta morgun, en faðir hans er á áttæðisaldri. Gerði hann ráð fyrir, að búið yrði að reka féð til réttar um hádegisbil þann dag og mundi fór þessi því ekki hamla þingsókn hans kl. 13.15. Gangnamenn töfðust hins vegar vegna þoku og óhagstæðs veðurs, og var ekki búið að reka féð til réttar fyrr en um kl. 12.30. Fór stefndi þá rakleitt heim til sín í bifreið, og tók sú ferð um 15 mínútur. Er heim kom, kveðst stefndi hafa þvegið sér, rakað sig og haft fataskipti og nýtt matar litillega í flýti, en farið síðan beina leið til bæjarþingsins. Áætlað hann, að sú ferð hafi tekið 5 mínútur. Þegar hann kom á bæjarþingið, telur hann, að klukkan hafi verið 13.25, en stefnandi hefur véfengt það og álitur, að hann hafi komið allt að 5 mínútum síðar. Hafði mál hans þá verið lagt í dóm.

Stefnandi telur, að ástæðulaust hafi verið fyrir stefnda að eyða tíma sínum í að þvo sér, raka sig og hafa fataskipti, þar sem svo stöð á, að hann átti á hættu að komast ekki nægilega snemma fyrir bæjarþing. Einnig hefði hann með símtali einu saman getað falið lögmanni þingsókn fyrir sig eða tilkynnt dómara forföll sín. Að skoðun dómarans var það eðlilegt, að stefndi vildi koma sómasamlega hreinn og klæddur fyrir dóm, og telst hann ekki hafa fyrirgert endurupptökurétti, þótt hann eyddi nokkrum tíma til þess, enda þykir sá tími ekki hafa verið óhóflega langur. Ekki var ástæða til þess fyrir hann að gera til þess sérstakar ráðstafanir, áður en hann fór í göngur, að láta umboðsmann sækja bæjarþingið fyrir sig, þar sem hann vænti þess, að göngum yrði lokið á venjulegum tíma, enda hefði honum þá enzt tími til þingsóknar. Segja má að vísu, að unnt

hefði átt að vera fyrir stefnda að útvega sér umboðsmann, strax og hann kom úr göngunum, eða tilkynna dómara forföll. Til þess var þó það naumur og óhentugur tími, að eftir atvikum verður stefnda ekki talið það til vanrækslu, þótt hann brysti snarræði til að gera tilraun til þess, enda var það tilviljun ein, sem réði því, að mál hans var tekið fyrir fyrst mála á bæjarþinginu.

Samkvæmt þessu telst stefndi hafa haft lögmæt forföll samkvæmt 4. mgr. 118. gr. einkamálalaganna, sbr. 9. gr. sömu laga, b-lið, og ber því að taka kröfu hans um endurupptöku málsins til greina.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal endurupptekið.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Nr. 188/1951. **Ársæll Jónasson** (Ragnar Jónsson)

gegn

Páli Einarssyni og gagnsök

(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. desember 1951. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði dæmt að greiða einungis kr. 66.666.66 og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að